

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Kiðjabergs, lóð 137.*
Í breytingunni felst að byggingarreitur lóðar nr. 137 í landi Kiðjabergs stækkar úr 20 x 30 m í 30 x 41 m.
Samþykkt í sveitarstjórn 2. apríl 2014.
2. *Breyting á deiliskipulagi fyrir Ormsstaði og Ártanga.*
Í breytingunni felst m.a. að verið er að aðlaga afmörkun lóða, byggingarreita og vega til samræmis við nákvæmari mælingar á svæðinu auk þess sem gerðar eru breytingar er varða skilmála fyrir mannvirki tengd svínarækt.
Samþykkt í sveitarstjórn 2. apríl 2014.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 14. apríl 2014.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.